

Ed. 463. Frumvarp til laga [70. mál]

um heimild til að selja ábúendum tvær jarðir í Austur-Húnavatnssýslu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 16. maí.)

1. gr.

Sýslunefndum Austur-Húnavatnssýslu og Vestur-Húnavatnssýslu heimilast með lögum þessum að selja ábúendum jarðirnar Meðalheim í Torfalækjarhreppi og Hamar í Svínavatnshreppi. Jarðirnar skulu seldar því verði, er dómkvaddir menn meta, nema hærri tilboð liggja fyrir, og skal leita samþykkis eftirlitsmanna opinberra sjóða um söluverð þeirra. Andvirði jarðanna og þess, er þeim fylgir, er eign Afgjalda-sjóðs kristfjárjarða í Húnavatnssýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.